



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

Minnisblað afhent samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni 21. janúar 2019 vegna vegalagningar um Vestfjarðaveg (60)

Óásættanleg bið hefur verið á samgöngubótum

- Undirbúningur fyrir vegalagningu um Vestfjarðaveg hófst í júlí 2003 þegar Vegagerðin lagði fram drög að tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Eyrar.
- Síðan eru liðin 16 ár og enn eru íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum að aka 50 ára gamlan veg sem lagður var á árunum 1968-1970.
- Háskólinn á Akureyri hefur metið kostnað þjóðfélagsins af töfum framkvæmda í 15 ár nemi 3,070 milljónum króna.

Áhersla á Þ-H leið

- Undirbúningur fyrir Þ-H leið hefur staðið yfir síðustu ár og er lengst á veg komin af þeim leiðum sem skoðaðar hafa verið vegna samgöngubóta um Vestfjarðaveg 60.
- **Úr bókun sveitastjórnar Reykhólahrepps 8. mars 2018 um Þ-H leið**
 - *Sveitarstjórn hefur því ákveðið að skoða ekki frekar aðra kosti, þar sem þeir fela í sér talsvert hærri framkvæmdakostnað. Þeir hafa ekki umhverfislegan ávinning umfram þá kosti sem eru til skoðunar í aðalskipulagsbreytingum og eru líklegir til að leiða til enn frekari seinkunar á samgöngubótum en þegar er orðin. Það kann að hafa alvarleg áhrif í för með sér á samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum.*
- Reykhólahreppur var einnig að vinna að ítarlegum skilmálum fyrir Þ-H leið vorið 2018, með endurheimtun votlendis, uppgræðslu birkiskóga, efnistöku, þverun fjarða, vöktunaráætlun um fiskungviði og botndýralíf sem og vistkerfa í fjöru, þannig að dregið yrði úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- **Úr bókun sveitastjórnar Reykhólahrepps 8. mars 2018 um Þ-H leið**
 - *Ávinningur af framkvæmdinni er hins vegar slíkur að hann réttlæti það rask sem verði á umhverfinu. Ávinningur snýr að almannahagsmunum fyrir sveitarfélagið og Vestfirði, með því að bæta verulega samgöngur og auka umferðaröryggi.*
- Vegagerðin áætlar verklok við Þ-H leið haustið 2022.
- Þ-H leið er fullfjármögnuð skv. þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2019-2023.

Ferðir um Vestfjarðaveg (60) og verðmæti

- 7 flutningabílar aka Vestfjarðaveg á hverjum degi, sex daga vikunnar með varning, mest fisk frá sunnanverðum Vestfjörðum til Reykjavíkur eða Keflavíkur og til baka. Samtals 4.200 ferðir á ári (Háskólinn á Akureyri, 2017).

- Flutningur á eldisfiski:
 - 2019 - 10.000 tonn af eldisfisk að verðmæti 8 milljarðar króna – 900 ferðir á ári.
 - 2023-2025 - 50.000 tonn af eldisfisk að verðmæti 40 milljarðar króna – 2.800 ferðir á ári. (Hér er gert ráð fyrir að helmingur magnsins fari um Vestfjarðaveg en hinn helmingurinn fari með skipi um Bíldudalshöfn, þá er áætlað að eldisfiskur af norðanverðum Vestfjörðum fari um Vestfjarðaveg með tilkomu Dýrafjarðargangna).
- Um Vestfjarðaveg fara einnig íbúar sunnanverðra Vestfjarða sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu (aðeins hluta úr ári er unnt að sækja heilbrigðisþjónustu til heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og þangað er ekki hægt að sækja alla heilbrigðisþjónustu).
- Um Vestfjarðaveg fara flest öll aðföng til sunnanverðra Vestfjarða og þá eru önnur verðmæti en eldisfiskur fluttur af svæðinu eins og sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir.

Umferðaröryggi

- 2009-2016 hafa verið skráð 101 slys á Vestfjarðavegi, þar af hafa 30 valdið slysum á fólki.
- Eignartjón fyrirtækja og íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum er mikið og er ekki allt skráð í opinberum gögnum.

Ákall um bættan Vestfjarðaveg er í samræmi við byggðaaætlanir síðustu ára

- Markmið byggðaaætlunar 2014-2017:
 - Vegfarendur komist leiðar sinnar innan og milli atvinnu- og þjónustusvæða á ódýran, fljótlegan og öruggan hátt. Sérstök áhersla verði lögð á framkvæmdir á Vestfjörðum og Austurlandi.
- Markmið byggðaaætlunar 2018-2023:
 - Helstu viðfangsefni byggðaaætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, að skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, að tryggja greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu og bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki.

Áhrif þess ef frekari tafir verða á samgöngubótum um Vestfjarðaveg

- Núverandi ástand Vestfjarðavegar mun hamla vexti fyrirtækja á sunnanverðum Vestfjörðum og samkeppnisstaða fyrirtækjanna versnar.
- Búsetuskilyrði íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum verða áfram skert.
- Jákvæð samfélagsþróun sem orðið hefur, mun standa í stað og jafnvel verða neikvæð að nýju.
- Nýting Dýrafjarðargangna verður minni.

Sunnanverðir Vestfirðir eru meðal þeirra svæða landsins þar sem byggð hefur um langt skeið átt undir högg að sækja. Ástæður þess eru fjölmargar, þær tengjast landfræðilegri legu, atvinnuháttabreytingum, lýðfræðilegri þróun, innviðauppbýggingu og fleiru. Samgöngur eru meðal þess sem hefur skert búsetuskilyrði á svæðinu og skilyrði til atvinnurekstrar. Þörf fyrir bættar samgöngur er sífellt að aukast, ekki síst á þessu svæði, og eitt helsta atriðið sem getur stuðlað að jákvæðri þróun mannlífs og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum. Nýlegar breytingar á sunnanverðum Vestfjörðum með aukningu fiskeldis hafa leitt til þess að ákveðin viðspyrna hefur náðst. Er þetta einn örfársta staði á landinu þar sem fiskeldi í sjókvíum er heimilt. Breytingar hafa einnig orðið í fiskvinnslu þannig að aukin áhersla er nú á vinnslu fisks

sem fer ferskur á markað erlendis. Þriðja megin breytingin er að sú að ferðaþjónusta hefur aukist mjög líkt og víða á landinu. Þannig hefur íbúum á svæðinu aftur farið að fjölga nokkuð og er atvinnulífið í vexti. Allar þessar atvinnugreinar eru hins vegar þess eðlis að þær þurfa góðar vegasamgöngur til að geta þrífist eðlilega. Mikið magn af ferskum eldisfiski og afla úr hafinu þarf að komast á markað daglega. Hafa samgönguhindranir á Vestfjarðavegi mikil og slæm áhrif á þá flutninga. Fyrir ferðaþjónustuna á sunnanverðum Vestfjörðum eru góðar samgöngur lykilatriði. Sökum vaxtar í atvinnugreinunum eru samgönguhindranirnar sífellt að verða meira vandamál. Fyrir hinn almenna íbúa og þjónustu við hann, s.s. heilbrigðisþjónustu eru tryggar samgöngur sífellt að verða mikilvægari. Tafir, umfram það sem þegar er orðið, á því að samgöngur komist í viðunandi horf ógna þeirri jákvæðu samfélagsþróun sem má sjá merki um á svæðinu. (Háskólinn á Akureyri 2017).

Krafa um viðbrögð stjórnvalda

Sveitarfélagið Vesturbyggð mun ekki setta sig við frekari tafir á samgöngubótum um Vestfjarðaveg. Komið er að þeim tímapunkti að nauðsynlegt er að stoppa þá 16 ára bið sem íbúar og rekstraraðilar á sunnanverðum Vestfjörðum hafa þurft að þola með tilheyrandi kostnaði og skertri samkeppnishæfni. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, þess efnis að hraðað verði uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum, bæði með nýframkvæmdum og viðhaldi sem og að landsmenn eigi að hafa jafnan aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskörum um land allt. Gerir Vesturbyggð þá kröfu að stjórnvöld bregðist við þeim gríðarlegu töfum sem orðið hafa á samgöngubótum á Vestfjarðavegi um Gufudalssveit og grípi inn í þetta mál í eitt skipti fyrir öll. Þá er þess óskað að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra beiti sér í þessu máli, þannig að ekki verði óafturkræfar afleiðingar fyrir byggð á sunnanverðum Vestfjörðum sem er í hróplegri andstöðu við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem og áherslur og markmið núgildandi byggðaaætlunar.

Endurskoðun á skipulagsvaldi sveitarfélaga

Mál þetta sem nú hefur staðið yfir í 16 ár og teygir anga sína víða um íslenska stjórnsýslu. Mál þetta hlýtur í öllu falli að kalla á að ráðist verði í endurskoðun á þeim lögum og reglugerðum er varða skipulagsvald sveitarfélaga þegar um er að ræða ákvarðanatöku um vegalagningu sem snertir hagsmuni og lífsviðurværi heils landshluta. Sveitarfélagið Vesturbyggð hvetur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að hafin verði vinna við að endurskoða þau lög og reglugerðir sem um skipulag vega gilda, þannig að aðrir landshlutar muni ekki í komandi framtíð standa frammi fyrir þeirri gríðarlegu stjórnsýsluflækju og töfum á framkvæmdum sem þetta einstaka mál hefur sýnt okkur að upp geti komið.

Iða Marsibil Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Ítarefni:

- Fundargerð sveitarstjórnar Reykhólahrepps 8. mars 2018.
- Samanburður á samfélagsáhrifum leiða D2 og Þ-H. Háskólinn á Akureyri, Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson. Desember 2017.
- Kynning Vegagerðarinnar 9. janúar 2019 Vestfjarðavegur (60) um Gufudalssveit.